

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) Nr. <númer>

frá <dagsetning>

**varðandi breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og Evrópuráðsins nr. 216/2008/EB um sameiginlegar reglur á sviði almenningsflugs, stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu, og afnám tilskipunar Evrópuráðsins 91/670/EBE, reglugerðar nr. 1592/2002/EB, og tilskipunar 2004/36/EB**

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins frá 20. febrúar nr. 216/2008/EB, um almennar reglur á sviði almenningsflugs, stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu, og afnám tilskipunar Evrópuráðsins 91/670/EBE, reglugerðar nr. 1592/2002/EB, og tilskipunar 2004/36/EB,<sup>1</sup> einkum gr. 6(2),

þar sem:

- (1) Grein 6(1) í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 216/2008/EB krefst þess að vörur, varahlutir og tæki fullnægi kröfum um umhverfisvernd í Viðauka 16 við Chicago samninginn um alþjóðlegt almenningsflug (hér á eftir 'Chicago samningurinn') sem var útgefinn 24. nóvember 2005 fyrir bindi I og II, að undanskildum viðaukum.
- (2) Breytingar hafa verið gerðar á Chicago samningnum og viðaukum hans eftir samþykkt reglugerðar nr. 216/2008/EB.

(3) Þess vegna ber að breyta reglugerð nr. 216/2008/EB samkvæmt því ferli sem kveðið er á um í gr. 65(3) í sömu reglugerð.

(4) Þær aðgerðir sem eru tilgreindar í þessari reglugerð eru í samræmi við álit Flugöryggisstofnunar Evrópu sem var stofnsett með gr. 65 í reglugerð nr. 216/2008/EB,

SAMÞYKKT ÞESSA REGLUGERÐ:

### 1. grein

Í gr. 6 í reglugerð nr. 216/2008/EB kemur eftirfarandi í stað fyrstu málsgreinar:

'1. Vörur, varahlutir og tæki skulu fullnægja kröfum um umhverfisvernd sem settar eru fram í Viðauka 16 við Chicago samninginn sem er í gildi <20. nóvember 2008> að undanskildum viðaukum við Viðauka 16.'

### 2. grein

Reglugerð þessi öðlast gildi þann <dagsetning>.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel, <dagsetning>

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar  
<NAFN>  
<Starfsheiti>

<sup>1</sup> Stjórnartíðindi EB L 79, 19.3.2008, bls. 1.